



SJÁVARÚTVEGSHÚSIÐ
SKÚLAGÖTU 4





SJÁVARUTVEGSHÚSÍÐ
SKÚLAGÖTU 4



Verklýsing

Verkið er minnisvarði um mikilvægt hlutverk kvenna í íslenskum sjávarútvegi sem fellur gjarnan í skugga karllægra staðalímynda. Karlmennska hins veðraða sjómanns er síendurtekin og oftast ekki í forgrunni sjávartengdrar menningar hér á landi. Fiskvinnsla á landi hefur aftur á móti skapað minni sess í sjónrænni framsetningu á þessum menningararfi. Samt sem áður er vinnslan sá hluti iðnaðarins sem flestir koma að ásamt því að vera sá vettvangur þar sem konur eru atkvæðamestar.

Konurnar í verkinu standa afslappaðar en ákveðnar og horfa fuðlaugar á áhorfandann.

Orkan sem sem geislar af þeim á sér sterka hliðstæðu í samtímanum að mati höfunda. Má vera að hér gefi að líta andlegar formæður sterkra kvenna í okkar samtíma? Nánast eins og að undanfari Cyber standi á bryggjufjöllum. Já eða nútíma landvættir? Í stað stuðlabergs standa þær á þykkum bryggjuborðunum og þurfa engar vættir til að verja sig.

Innblástur verksins er ljósmynd tekin af Sigurði Dementz á síldarplani Óðins, Raufarhöfn árið 1961, sama ár og húsið er byggt. Meðfylgjandi eru einnig 2 málverk eftir einn höfunda verksins, þeim er ætlað að sýna hversu langt ætlunin er að fara í „realisma“.

Verkið yrði málað með Vitratex málningu frá Slippfélaginu og hefur því góðann endingartíma.